

Guðrún E Gunnarsdóttir

From: Sveitarstjóri Flóahrepps
Sent: fimmtudagur, 13. febrúar 2020 15:45
To: Guðrún E Gunnarsdóttir
Subject: FW: Krókur í gamla Hraungerðisshreppi

SF_230

From: Guðríður Þ. Valgeirsdóttir <gaujav@simnet.is>
Sent: fimmtudagur, 13. febrúar 2020 15:16
To: Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>
Cc: langsstadir <langsstadir@simnet.is>
Subject: Krókur í gamla Hraungerðisshreppi

Kæra hreppsnefnd.

Mig langar að vekja athygli á óásættanlegu ástandi íbúðarhússins í Króki.

Undirrituð hefur ekki ekið að húsinu, en séð frá þjóðveginum hafa orðið breytingar

á klæðningu hússins og hef ég sannarlega áhyggjur af því hvar þær plötur eru sem hafa fokið/dottið af húsinu.

Það er engan veginn forsvaranlegt og mjög hættulegt ef járnplötur fjúka af stað. Óska ég eindregið eftir

því að séð verði til þess að slíkt gerist ekki þannig að mannfólki og skepnum stafi hættu af.

Mikil veður hafa gengið yfir okkur í vetur og sannarlega ekki séð fyrir endann á því og höfum við og nágrannar okkar

á Langstöðum sannarlega haft áhyggjur af lausum járnplötum.

Undirrituð óskar eftir því að málefni húsa í Króki verði tekin til umfjöllunar.

Bestu kveðjur

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir
Arnarstöðum
Flóahreppi.